

FRÉTTABLAÐIÐ

197. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

MÁNUDAGUR 26. ÁGÚST 2019

AUGLÝSING



ÚRVAL ÚTSÝN

TILBOÐ Á
FLUGSÆTUM

Á vit ævintýrana með ÚRVAL ÚTSÝN

MEÐ ÍSLENSKRI
FARARSTJÓRN

SKOÐUNARFERÐIR
Í BOÐI

VERÐ FRÁ
59.900 KR.*

SJÁÐU MEIRA Á UU.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGGJAFNA Í SÍMA 585 4000

EÐA SENDU OKKUR PÓST Á [INFO@UU.IS](mailto:info@uu.is)



* Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2. - 9. september á Apartamentos Teneguía, Kanarí

★ ÚRVALS SÓL ★

MARYLANZA SUITES & SPA ****
TENERIFE

18. - 25. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 110.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HOVIMA ALTAMIRA ***
TENERIFE

11. - 18. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **94.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GREEN GARDEN RESORT & SUITES ****
TENERIFE

31. ÁGÚST - 7. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **69.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 101.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

MELIA BENIDORM ****
BENIDORM

27. SEPTEMBER - 4. OKTÓBER
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **102.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 102.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT
FÆÐI

TROPIC PARK RELAX ***
BENIDORM

5. - 12. SEPTEMBER
Tvíbýli með fullu fæði.

VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 110.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

FULLT
FÆÐI

PARQUE CRISTÓBAL TENERIFE ***
TENERIFE

4. - 11. SEPTEMBER
Kid suite smáhýsi með tveimur svefnherbergjum.

VERÐ FRÁ **87.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

FLUG TILBOÐ

ALICANTE
29. ÁGÚST - 5. SEPT. // **37.900 KR.**

ALICANTE
30. ÁGÚST - 6. SEPT. // **39.900 KR.**

TENERIFE
31. ÁGÚST - 7. SEPT. // **27.900 KR.**

TENERIFE
28. ÁGÚST - 4. SEPT. // **27.900 KR.**

KANARÍ
2. - 9. SEPT. // **47.900 KR.**

KANARÍ
9. - 16. SEPT. // **57.900 KR.**

ALICANTE
05. - 12. SEPTEMBER // **54.900 KR.**

TENERIFE
18 - 28. SEPTEMBER // **59.900 KR.**

INNIFALIÐ MEÐ ÖLLU FLUGI ER FLUG, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA & HANDFARANGUR

ROUQUE NUBLO **
KANARÍ

2. - 9. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **81.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

BULL EUGENIA VICTORIA & SPA ****
KANARÍ

16. - 23. SEPTEMBER
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **104.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT
FÆÐI

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL *****
KANARÍ

15. - 22. OKTÓBER
Smáhýsi með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **125.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 150.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LOPESAN BAOBAB RESORT ****
KANARÍ

23. - 30. SEPTEMBER
Tvíbýli með morgunverði.

VERÐ FRÁ **113.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 137.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

APARTAMENTOS DOROTEA **
KANARÍ

9. - 16. SEPTEMBER
Íbúð með tveimur svefnherbergjum.

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GRAN HOTEL BALI ****
BENIDORM

24. SEPTEMBER - 4. OKTÓBER
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **108.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT
FÆÐI

Innifalið í verði er flug, uppgjefin gisting þar sem það á við, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTHILLUR OG STAFARENGL.



Menningarnótt var haldin á laugardaginn í miðborg Reykjavíkur í tilefni af afmæli borgarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá borginni voru gestir vel á annað hundrað þúsund talsins. Að venju lauk hátíðahöldunum með glæsilegri flugeldasýningu og gekk vel að koma gestum til síns heima en 70 strætisvagna þurfti til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir frá Menningarnótt er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Skoða málsókn vegna Hverfisgötu

Lögmaður undirbýr nú mögulega hópmálsókn rekstraraðila við Hverfisgötu á hendur Reykjavíkurborg vegna vanefnda og seinangangs en óvist er um undirtektir. Hótel við götuna hefur þurft að gefa gestum sínum helmings afslátt vegna framkvæmdanna.

REYKJAVÍK Lögmaður vinnur nú að undirbúningi hópmálsóknar rekstraraðila við Hverfisgötu á hendur Reykjavíkurborg. Telur hann að sýna meg fram á fjárhagslegt tjón vegna vanefnda og seinangangs borgaryfirvalda. Þetta hermar heimildir Fréttablaðsins.

Samkvæmt sömu heimildum er ekki ljóst hvernig rekstraraðilar taka í þessar hugmyndir en að minnsta

kosti þrír þeirra hafa lýst sig reiðubúna til viðræðna um mögulega hópmálsókn án þess að í því felist endanleg afstaða til málsins. Til stendur að boða til undirbúningsfundar í byrjun vikunnar.

Næðsti hluti Hverfisgötu hefur verið lokaður fyrir bílaumferð og aðgengi gangandi vegfarenda skert frá því í vor. Verkið hefur tafist og er nú ekki gert ráð fyrir að opnað verði

fyrir bílaumferð eftir miðjan næsta mánuð í stað lok þessa mánaðar. Ýmsir rekstraraðilar hafa gagnrýnt borgaryfirvöld fyrir skort á samráði og upplýsingagjöf.

Þórður Birgir Bogason, framkvæmdastjóri RR hótela sem reka meðal annars hótél á Hverfisgötu 21, segist ekki sáttur við stöðuna frekar en aðrir rekstraraðilar. Hann segist hins vegar ekki hafa heyrt

af hugmyndum um hópmálsókn.

„Við höfum haft þetta þannig að allir sem gista í þessu húsi þar sem framkvæmdir eiga sér stað hafa fengið 50 prósent afslátt. Þetta er gert til að fyrirbyggja óánægju en þýðir mikið tekjutap fyrir okkur á háannatíma,“ segir Þórður.

Hann segir að þessi háttur hafi verið hafður á í tæpar tvær vikur og býst við að þetta muni vara lungann

úr þessari viku. „Þannig verða þetta einhverjar tvær til þrjár vikur í heildina. Til að setja þetta í samhengi þá er tap okkar um 300 þúsund á dag allan þann tíma.“ Þetta sé hins vegar eina leiðin til að hafa kunnana ánægða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fleiri rekstraraðilar við götuna þurft að grípa til samþæfingra aðgerða. – sar

Eitt af stóru vandamálunum

SAMFÉLAG „Ég hef kynnst fólki sem hefur upplifað ólýsanlegan sársauka og áhrifin munu fylgja því út lífið,“ segir Victor Madrigal-Borloz, sérfræðingur Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í málefnum hinsegin fólks. Hann mun koma til Íslands í byrjun september, flytja ávarp og kynna sér stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Victor hefur starfað í alþjóðlegum endurhæfingarstöðvum fyrir fórnarlömb pyndinga.

– khg / sjá síðu 4



Victor Madrigal-Borloz.

Bókaiðnaður á miðöldum

TÍMAMÓT Björn Bjarnason, stjórnarformaður Snorrastofu, var hvataðurinn að umfangsmiklum fornleifa- og handritarannsóknum sem fram munu fara árin 2020 til 2025. Viðfangsefnið er ritmenning á miðöldum og munu stjórnvöld veita 35 milljónir króna til verkefnisins árlega. „Tæknin er orðin slík að hægt er að greina skinn og hvaðan það kemur,“ segir Björn. Tilgátan er sú að hér á landi hafi prests- menntað fólk ritað bækur eftir pöntunum, jafnvel frá útlöndum.

– khg / sjá síðu 16



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson spáir í lífsgæðakapphlaupið. **11**

SPORT Patrick van Aanholt er dyrkaður og dádur af stuðningsmönnum Crystal Palace. **14**

MENNING Bókmenntamerking sett upp við hús Jóns Árnasonar landsbókavardar. **19**

LÍFIÐ Verkefnastjóri Menningar- nætur er ánægð með laugardaginn. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS
FUNDIR, VEISLUR
TÓNLEIKAR & FL.

3 SALIR
50 - 1.000 GESTIR



Tales from
Iceland



518 4000 / info@tales.is




Besta
verðið
með
áskrift

borgarleikhus.is



Veður



Sunnan 10-18 m/s í dag, en lengst af hægari vindur norðvestan til og með vesturströndinni. Viða rigning og hiti 10 til 14 stig, en þurrt og bjart um landið norðaustanvert með allt að 20 stiga hita.

SJÁ SIÐU 18



MAX vélar Icelandair gætu verið á leið úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skoða flutning MAX-vélanna

SAMGÖNGUR Það er nú til skoðunar hjá Icelandair að flytja Boeing 737 MAX-vélar sínar úr landi. Vélarnar voru kyrrsettar í mars síðastliðnum. Félagið tilkynnti til Kauphallarinnar fyrir rúmri viku að ekki væri lengur gert ráð fyrir því að MAX-vélarnar færu í loftið á þessu ári.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir að Ísland sé ekki besti staðurinn til að geyma flugvélar yfir haust og vetur. „Þetta er í skoðun og er búið að vera á teikniborðinu í talsverðan tíma. Það hefur ekkert verið að gerast í ferlinu í heild sinni sem hefur einhver áhrif á þetta.“

Að sögn Boga liggur ekki fyrir hvert vélarnar yrðu fluttar en þær færu á stað þar sem veðurfarslegar aðstæður eru betri en á Íslandi.

Ef til flutnings vélanna úr landi kemur þyrfti Icelandair að fá samþykki flugmálayfirvalda til að ferja vélarnar. „Ákvörðun um þetta mun væntanlega liggja fyrir fljótlega,“ segir Bogi.

Eins og fram hefur komið hefur kyrrsetning MAX-vélanna reynst Icelandair sem og öðrum flugfélögum um heim allan afar kostnaðarsöm. Í uppgjöri annars ársfjórðungs kom fram að tap vegna kyrrsetningarinnar yrði um 19 milljarðar króna. Sú fjárhæð miðaðist við að vélarnar færu aftur í loftið í nóvember þannig að ljóst er að fjárhæðin mun hækka. – sar

Fisflug yfir borginni



Svífvængjaflugmenn í Fisfélagi Reykjavíkur kynntu íþróttina um helgina við Kirkjusand. Í fyrsta sinn á Íslandi var notast við bát við tog í vængsvífi. Hæst fóru vængirnir í um 760 metra hæð en leyfi þurfti að fá frá Isavia enda þarna aðflugsrými Reykjavíkurflugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fjölbreytt dagskrá var í boði á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vel heppnuð Menningarnótt

REYKJAVÍK Vel á annað hundrað þúsund manns heimsóttu miðborg Reykjavíkur á Menningarnótt á laugardag. Viðburðirnir voru yfir 300 talsins og lauk formlegri dagskrá að venju með flugeldasýningu.

Að sögn lögreglu fóru hátíðahöldin vel fram í alla staði og engin alvarleg atvik skráð. Þó þurfti lögregla að hella niður nokkru magni af áfengi hjá ungmennum sem ekki höfðu aldur til. Þá voru fjögur fikniefnabrot skráð og fimm minniháttar líkamsárásir. – sar

Mikil fjölgun í Háskóla þriðja æviskeiðsins

Háskóli þriðja æviskeiðsins hefur notið síaukinna vinsælda síðan hann var stofnaður 2012. Starf skólans er óformlegt og nemendurnir flestir 65 til 75 ára. Formaður segir að starfið sé ekki síður hugsað sem skemmtun en fræðsla.

MENNTAMÁL Hans Kristján Guðmundsson, formaður Háskóla þriðja æviskeiðsins, segir skólann vettvang fyrir fólk yfir fimmtugu sem vill fræðast eða fræða aðra. Skólinn, sem byggir á sjálfboda-vinnu, er rekinn af frjálsum félagsamtökum sem stofnuð voru árið 2012. Við stofnun voru félagarnir 30 eða 40 talsins. Í dag eru þeir um 630. Rúmlega helmingur félagsmanna er á aldrinum 65 til 75 ára. En aldursbilið er breitt því yngsti nemandinn er rúmlega fimmtugur og sá elsti að verða níraður.

„Þriðja æviskeiðið er þegar það léttir undir hjá fólki,“ segir Hans. „Börnin eru flogin úr hreiðrinu, stór hluti skulda niðurgreiddur og fólk hefur meiri tíma. Þetta skeið er ekki bundið við ákveðið ár heldur þegar fólk sest niður og hugar að framtíðinni.“

Hans segir að skólinn sé ekki háskóli í formlegri merkingu. „Hér taka nemendur ekki próf eða fá gráðu. Heldur er hugmyndin byggð á hinni fornu hugmynd um háskóla, að miðla fróðleik,“ segir hann.

Starf skólans er nú að hefjast og í allan vetur verða erindi á hverjum þriðjudegi í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði. Hans segir að þau séu af öllum toga og séu ekki síður hugsuð sem skemmtun en fræðsla. Þjóðfræði- og sagnfræðifyrirlestrar hafa verið vinsælir, sem og náttúrufræði.

„Vinsælasti fyrirlesarinn hjá okkur hefur verið Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur. Hann fyllir alltaf salinn,“ segir Hans. „Þegar Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur kemur og talar um eldfjöll þá koma margir líka.“

Félagslífið er gott í kringum skól-



Nemendum hefur fjölgað um tæplega 600 á aðeins 7 árum. MYND/ADSEND

Börnin eru flogin úr hreiðrinu, stór hluti skulda niðurgreiddur og fólk hefur meiri tíma. Þetta skeið er ekki bundið við ákveðið ár heldur þegar fólk sest niður og hugar að framtíðinni.

Hans Kristján Guðmundsson, formaður Háskóla þriðja æviskeiðsins



ann og hluti af starfinu er heim-sóknir á ýmsa staði. Til dæmis Seðlabankann, Alþingi, Dómkirkjuna, Árnastofnun og fleiri, einnig á landsbyggðinni. „Þetta eru eins konar vísindaferðir,“ segir Hans.

Háskóli þriðja æviskeiðsins er í nánun alþjóðasamstarfi við sam-bærilega skóla víða um heim og nýtur Erasmus-styrkja. Ræturnar liggja í stúdentauppreisnunum í Frakklandi árið 1968. Eftir þær lögðu Frakkar þær skyldur á háskólana að hleypa fleirum að og sýna samfélagsábyrgð. Fyrsti háskóli þriðja æviskeiðsins var opnaður innan háskólans í Toulouse árið 1973. Hefur þetta síðan breiðst út um allan heim.

„Fyrsti viðburðurinn hjá okkur verður þann 3. september, þegar við tökum á móti nemendum frá Prag í Tékklandi. Í maí fór 20 manna hópur frá okkur þangað,“ segir Hans. kristinnhaukur@frettabladid.is



TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is



Fjör í borg

Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fór á stúfana á Menningarnótt í Reykjavík. Hátíðin var vel heppnuð og á annað hundrað þúsund manns lögðu leið sína í miðborgina. Boðið var upp á 300 viðburði, þar á meðal stórtónleika við Arnarhól og í Hljómskálagarðinum.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



SPORLAUS

Sporlaus á nýjum Hybrid

Akstur allra nýrra Hybrid bíla frá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi, seldum frá og með 1. janúar 2019, er núna kolefnisjafnaður að fullu í samstarfi við Kolvið. Njóttu þess að aka sporlaust á Hybrid, án þess að skilja eftir svo mikið sem eitt kolefnisspor á leiðinni.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14





FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Ekki samur eftir systurmissinn Ásgeir Jónsson, nýr seðlabankastjóri, segir í viðtali að hann hafi þurft að kljást við margar áskoranir í lífi sínu og þar hafi systurmissirinn verið sárastur.

2 Áslaug segir Kristjón fara með ósannindi. „Kveðja Stúlkukindin“. Áslaug Arna, ritari Sjálfstæðisflokksins, segir Kristjón Benediktsson fara með ósannindi. Hann sakar hana um ókurteisni í garð eldri manna í flokknum.

3 „Ég gerði ekki neitt annað“ Katrín Halldóra Sigurðardóttir, segist hvorki hafa orðið veik né raddlaus í 220 sýningum á Elly Vilhjálms í Borgarleikhúsinu.

4 Horfir björtum augum til framtíðar Þrátt fyrir veirusjúkdómana, segir Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, eftir að veirusjúkdómar greindust í kjúklingum á Rangárbúi.

5 Fólk hvatt til að ganga frá garðhúsgögnum og trampólínum, nú þegar fyrsta haustlægdin gengur yfir Suður- og Vesturland.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Vilja skrifstofu á Grænlandi

BANDARÍKIN Bandaríska utanríkisráðuneytið lýst yfir áhuga sínum á að opna á ný ræðisskrifstofu á Grænlandi. Þetta er sagt hluti af áætlun Bandaríkjanna um aukin umsvif og hagsmunagæslu á norðurslóðum. Bandaríkin voru með ræðisskrifstofu á Grænlandi í seinna stríði en henni var lokað árið 1953.

Að sögn AP-fréttastofunnar hefur sérstakur tengiliður við Grænland þegar tekið til starfa hjá sendiráði Bandaríkjanna í Kaupmannahöfn og á næsta ári er gert ráð fyrir sjö starfsmönnum í fullu starfi á ræðisskrifstofunni. – ds

Samið um fríverslun við Mercosur

UTANRÍKISMÁL Fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna fjögurra og Mercosur er í höfn. Samningaviðræðum sem staðið hafa yfir frá því í júní 2017 lauk á föstudag í Buenos Aires, höfuðborg Argentínu.

Mercosur eru fríverslunarsamtök fjögurra Suður-Ameríkuríkja, Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Á síðasta ári voru fluttar

út vörur frá Íslandi fyrir 1,5 milljarða króna til Mercosur-landanna. Vöruinnflutningur nam hins vegar um 24 milljörðum króna en þar vegur súrál langþýngst en það var þegar tollfrjálst.

Með samningnum lækka tollar á flestar vörur sem fluttar eru frá Íslandi. Munu nær allar sjávarafurðir þannig njóta fulls tollfrælsis.

„Við höfum lagt mikla áherslu



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

á að ljúka samningaviðræðum við Mercosur-ríkin og það er ánægjulegt að sá samningur sé

nú í höfn. Markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir er sérstaklega mikilvægur fyrir okkur og hann eykst umtalsvert með þessum samningi,“ er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra í tilkynningu.

Að sögn Guðlaugs er samningur EFTA-ríkjanna ekki síðri en nýlegur samningur sem Evrópusambandið gerði við Mercosur. – sar

Pyndingar á hinsegin fólki risastórt vandamál heimsins

Sérfræðingur Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í málefnum hinsegin fólks mun heimsækja Ísland í byrjun september til að flytja ávarp og kynna sér stöðu mála í íslenskum stofnunum og fyrirtækjum. Hann segir að Ísland geti gegnt hlutverki í réttindabaráttu hinsegin fólks í heiminum og að verkefnin séu ærin.

SAMFÉLAG Victor Madrigal-Borloz, sérfræðingur Mannréttindaráðs SP í málefnum hinsegin fólks, kemur til landsins í boði utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands í byrjun september. Mun hann flytja ávarp í háskólanum og kynna sér hvernig íslenskar stofnanir og fyrirtæki hafa beitt sér fyrir því að hinsegin fólk sé velkomið á vinnustaðnum.

„Ég mun tala fyrir því að fólk sé meðvitað um ofbeldi og mismunun gegn hinsegin fólki víðs vegar um heim. Þetta er eitt af stóru vandamálunum í heiminum í dag,“ segir Victor.

Victor kemur frá Kosta Ríka, sem er að hans sögn lýðræðisríki með langa mannréttindahefð. En þar, líkt og annars staðar í latnesku Ameríku, hafa þeir sem standa í réttindabaráttu togast á við íhaldssöm öfl og kirkjuna sem óttast um „hefðbundin fjölskyldugildi“. Victor hefur mikla reynslu í málaflokknum og hefur meðal annars starfað í alþjóðlegu endurhæfingarstarfi fyrir fólk sem hefur verið pyndað.

„Þetta er mjög viðkvæmt starf,“ segir Victor. „Ég hef kynnst fólki sem hefur upplifað ólýsanlegan sársauka og áhrifin munu fylgja því út lífið.“ Pyndingarnar eru stundaðar eða studdar af stjórnvöldum í löndum þar sem réttindi hinsegin fólks eru bágbörin eða engin og notaðar til að refsa fólki fyrir að falla ekki inn í hið hefðbundna mynstur. Victor segir að huga þurfi að líkamlegu og andlegu heilbrigði þolenda, sem og berjast fyrir réttarstöðu þeirra.

„Samkynhneigðum mönnum er nauðgað í fangelsum og transfólk verður fyrir miklum barsmíðum,“ segir Victor. „Sums staðar er lesbium nauðgað til þess að „leiðrétta“ hneigðina. Það er að nauðganir eru



Victor Madrigal-Borloz, sérfræðingur hjá Mannréttindaráði SP í málefnum hinsegin fólks. Mynd/aðsend.

Nauðganir eru fyrirskipaðar af leiðtogum ættar eða samfélags með það að markmiði að þær muni njóta kynlífs með karlmönnum eftir slíka reynslu.

Victor Madrigal-Borloz sérfræðingur SP

fyrirskipaðar af leiðtogum ættar eða samfélags með það að markmiði að þær muni njóta kynlífs með karlmönnum eftir slíka reynslu.“

Victor segir að staða hinsegin fólks í heiminum fari batnandi að sumu

leyti, en ekki öllu. Árið 2016 var lögð fram skýrsla fyrir Allsherjarþing SP og mætti töluverðri andstöðu margra ríkja. Sú skýrsla var endurnýjuð fyrir sex vikum og mætti þá minni mótspyrnu. Á undanförmum árum hafa ástir hinsegin fólks verið afglæpaðar á Indlandi, í Angóla, Mósambík, Botsvana og fleiri ríkjum. Enn eru þó mörg ríki þar sem harðar refsingar liggja við, jafnvel dauðarefsing.

„Ef við tökum Tsjetsjeníu í Rússlandi sem dæmi, þá eru þar stundaðar pyndingar og morð á hinsegin fólki. Einnig afneita stjórnámamenn því að hinsegin fólk sé til í landinu,“ segir Victor. „Við vitum að hin-

segin fólk fyrirfinnst í öllum ríkjum heims.“

Hann segir lítið land eins og Ísland geta hjálpað til í stóra samhenginu með því að styðja ályktanir Sameinuðu þjóðanna sem lúta að réttindum hinsegin fólks og fylgja þeim að fullu. Einnig að tala fyrir þessum réttindum opinberlega.

Victor segir réttindabaráttuna ekki aðeins snúast um ofbeldi og dráp. Hugna þurfi að öllum þáttum mannlífsins, svo sem atvinnu, heilbrigðisþjónustu og menntun. Hinsegin fólk mæti hindrunum á þessum sviðum í öllum löndum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

JEEP CHEROKEE

SUMARTILBOÐ

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Helsti staðalbúnaður Jeep Cherokee Longitude Luxury*:

- 2.2 lítra 195 hestafla díselvél, 9 gíra sjálfskipting
- Jeep Active Drive I Select Terrain með 4 drifstillingum,
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhlara
- Leðurinnrétting
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð
- Hágæða Alpine hljómlutningskerfi með bassaboxi
- Apple & Android Car Play

SUMARPAKKI 1: Málmlitur
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: **7.390.000 KR.** - LISTAVERÐ 8.110.000 KR.

SUMARPAKKI 2: Málmlitur, borgarþakki, þægindapakki og glerþak (panorama).
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: **8.090.000 KR.** - LISTAVERÐ 8.860.000 KR.



UMBODSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





MEIRA ÖRYGGI
MEIRA RÝMI
JAZZ



SÉRVALDIR BÍLAR
Á TILBOÐSVERÐI

OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:
Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA



Símaveski,
heyrnartól, snúrur
og allt fyrir
símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



SUMMIT 201

Trump og Abe leystu vandamál heima fyrir með stórum samningi. NORDICPHOTOS/GETTY

Stór samningur Japans og Bandaríkjanna

Bandaríkjamenn og Japanir hafa náð samkomulagi um stóran viðskipta-samning um landbúnaðarafurðir. Leysir þetta bæði efnahagsleg vandamál beggja ríkja og styrkir samstöðu ríkjanna í viðskiptastríðinu gegn Kína.

ALÞJÓÐAMÁL Donald Trump, Bandaríkjaforseti, og Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, tilkynntu um stóran viðskiptasamning á fundi G7-ríkjanna sem fram fer í Biarritz í Frakklandi. Nánari útfærsla á samningnum verður gerð í New York í september.

Samkvæmt samningnum munu Japanir kaupa mikið af máis frá Bandaríkjunum. Síðan viðskipta-stríð hófst við Kína hafa bandarískir máisframleiðendur átt erfitt með að koma vörum sínum á markað.

„Þetta eru margir milljarðar Bandaríkjadollara. Frábært fyrir bændur,“ sagði Trump á blaðamannafundi hans og Abe. Abe sagði að það yrði ekki japanska ríkið sjálft sem keypti afurðirnar heldur fyrirtæki í einkageiranum. Losað verður um tolla og innflutningshöft.

Máis er ekki eina varan sem samningurinn mun ná yfir heldur einnig hveiti, mjólkurvörur, nautakjöt, svínakjöt og fleira. Í dag flytja Japanir inn landbúnaðarvörur frá Bandaríkjunum fyrir um 14 milljarða dollara, sem samsvarar 1.700

Þetta eru margir milljarðar Bandaríkjadollara. Frábært fyrir bændur.

Donald Trump
Bandaríkjaforseti

milljörðum íslenskra króna. Með samningnum opnast fyrir 7 milljarða dollara til viðbótar. Er þetta kærkomið fyrir Japani sem hafa misst mikið af eigin landbúnaðarafurðum vegna skordýrafaraldurs undanfarið.

Samningurinn markar nokkur tímamót í samskiptum þjóðanna því þau hafa verið fremur stíð í tíð Trumps hvað viðskipti varðar. Þó að Trump og Abe hafi þurft að brjóta odd af oflæti sínu kemur samningurinn þeim báðum vel, bæði efnahagslega og stjórnmálalega.

Ymis önnur tíðindi hafa orðið á fundinum og einna markverðust var fyrirvaralaus koma íranska utanríkisráðherrans, Mohammad

Javad Zarif. Fundaði hann með Macron Frakklandsforseta og Le Drian utanríkisráðherra um spennuna vegna kjarnorkuáætlunar Írans.

Þá bar Trump upp þá tillögu að hleypa Rússum aftur inn í hópinn og sagði að Pútín ætti að koma að umræðum um stöðuna í Íran, Norður-Kóreu og Sýrlandi. Voru hinir leiðtogarnir sex allir mót-fallnir þeirri tillögu en Rússum var víkið úr hópnum eftir að þeir innlimuðu Krímskaga árið 2014.

Skógareldarnir í Amason-frumskóginum hafa verið ræddir og hvöttu bæði Macron og Angela Merkel Þýskalandskanslari til þess að þau mál yrðu tekin föstum tókum. Samkvæmt heimildum mun samkomulag hafa náðst milli ríkjanna og var Macron falið að vinna að því að komast að þörfum Brasilíu og annarra Amason-ríkja vegna eldanna.

„Án þess að troða á fullveldi þessara landa, verðum við að hafa það að markmiði að rækta upp skógin að nýju og aðstoða hvert land fyrir sig efnahagslega,“ sagði Macron. kristinnhaukur@frettabladid.is

Arnar og Hólmfríður Íslandsmeistarar

MARAPÓN Arnar Pétursson kom fyrstur í mark í karlaflokki í Reykjavíkumaraþoni sem fram fór á laugardag. Hlaupið er einnig Íslandsmót í maraþoni og er Arnar því Íslandsmeistari 2019. Hann kom í mark á tímanum 2:23:08 sem er besti tími sem Íslendingur hefur náð í Reykjavíkumaraþoni.

Í kvennaflokki var það hin tékkneska Barbora Novakova sem vann. Hún hljóp á tímanum 3:00:40. Í öðru sæti og jafnframt Íslandsmeistari var Hólmfríður J. Aðalsteinsdóttir sem kom í mark á tímanum 3:04:23.

Í hálfmaraþoni sigraði Hlynur

Andrésson í karlaflokki en Alexandra Niels frá Bandaríkjunum í kvennaflokki. Önnur varð Andreia Kolbeinsdóttir. Í 10 kílómetra hlaupi kom Hlynur Ólason fyrstur í mark en Katerina Kratochvilova frá Tékklandi í kvennaflokki. Þar varð Elin Edda Sigurðardóttir önnur.

Alls voru 14.667 hlauparar skráðir til leiks en hægt var að hlaupa fjórar mismunandi vegalengdir. Um kvöldmatarleytið í gær höfðu safnast tæplega 164 milljónir króna til ýmissa góðgerðarféлага sem er metfjárhæð. Opið verður fyrir áheiti til miðnætis í kvöld á heimasíðunni hlaupastyrkur.is. – sar



Arnar Pétursson fagnar sigri sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Fyrir



Eftir

Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Fjölmenni í maraþoni

Tæplega 15 þúsund manns hlupu á laugardaginn í Reykjavíkumaraþoninu sem fram fór við finustu aðstæður. Arnar Pétursson sigraði í karlaflokki á besta tíma sem Íslendingur hefur náði í Reykjavíkumaraþoni. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með hlaupinu og tók þessar myndir.





HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SÍÐUSTU
DAGAR

SÍÐUSTU
DAGAR

SÍÐUSTU
DAGAR

ÚTSALA

20-60% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU
DAGAR

CORINNA

30%
AFSLÁTTUR

5 SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI,
STEYPTIR KANNTAR, EINSTÖK AÐLÖGUN,
MJÖG GÓÐ PYNGDARDREIFING

140X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
79.297 KR.
VERÐ ÁÐUR 113.282 KR.

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
100.125 KR.
VERÐ ÁÐUR 143.036 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
124.537 KR.
VERÐ ÁÐUR 177.537 KR.

STÓLAR OG SÓFAR Á
30-60%
AFSLÆTTI

30-40%
AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM

DAISY

SVÆÐASKIPT, STYRKIR KANNTAR

35%
AFSLÁTTUR

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
71.721 KR.
VERÐ ÁÐUR 110.340 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
96.371 KR.
VERÐ ÁÐUR 148.181 KR.

Bjóðum
12 mánaða
vaxtalaus
kreditkortalán.

SÍÐUSTU
DAGAR

rekkjan
HEILSURÚM

SKOÐUN

Þjóðaröryggi



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það urðu margir hissa þegar Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, lýsti viðbrögðum danska forsætisráðherrans sem andstyggilegum þegar hún neitaði að ræða kaup Bandaríkjanna á Grænlandi. Hann aflýsti ósáttur opinberri heimsókn til Danmerkur. En eftir að frú Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur, sló bliðlega á þráðinn vestur dugði það til að bræða forsetann. Nú segir hann hana yndislega konu...

Trump verður vart reiknaður út og ótrúlegum tístum hans á bara eftir að fjölga í harðnandi kosningabaráttu. Upphlaup auka fylgi þar vestra.

Fyrir Ísland er þetta áminning um mikilvægi frekari samvinnu við Norðurlöndin og Evrópuþjóðir. Þar eru og eiga að vera áherslur okkar í menningarlegu, félagslegu, efnahagslegu og viðskiptalegu tilliti.

Vel heppnaður leiðtogafundur forsætisráðherra Norðurlanda með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, undirstríkaði þetta vel. Fundurinn sýndi að Katrín Jakobsdóttir nýtur virðingar á alþjóðlegum vettvangi og hefur styrkt stöðu Íslands í samskiptum við ríki Evrópu.

Leiðtogarnir, að rúmum meirihluta konur, bæði af vinstri og hægri væng stjórnmalanna lögðu áherslu á að standa vörð um gildi frjálslynds lýðræðis sem hefur átt undir högg að sækja síðustu ár þar sem lýðhyggjuhreyfingar berjast gegn opnum lýðræðissamfélögum.

Ýmsir gagnrýndu þá ákvörðun Katrínar að hliðra ekki til í dagskrá sinni fyrir varaforseta Bandaríkjanna og velja þess í stað að ávarpa norrænar verkalýðshreyfingar. Hér verður ekki lagt mat á það. Mestu skiptir að varaforsetinn mun ná fundi forsætisráðherra.

Koma varaforsetans er til marks um aukið mikilvægi Íslands í alþjóðamállum, ekki síst vegna breyttrar stöðu norðurslóða. Endurreisn annars flota Bandaríkjanna í Norfolk talar sínu máli. Áhugi Bandaríkjanna á hernáðarlegu mikilvægi Íslands er endurvakinn.

Sama hvað okkur finnst um tíst Trumps eru Bandaríkin langöflugasta þjóð hins vestræna heims þar sem ríki hafa deilt gildum og heimssýn á trú á lýðræði, frjálst athafnalíf, mannréttindi og frelsi fjölmiðla.

Íslendingar eru fámenn eyþjóð sem hvorki hefur burði né vilja til að ráða yfir her og tryggir öryggi sitt og varnir með virkri alþjóðasamvinnu. Góð samskipti við Bandaríkin eru Íslandi því gríðarlega mikilvæg.

Nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Jeffrey Ross Gunter, segir varnarskuldbindingar Bandaríkjanna á grundvelli varnarsamningsins standa óhaggaðar.

Öryggis- og varnarsamstarfið nær til mun fleiri þátta nú en áður, allt frá málefnum norðurslóða til netvarna og baráttu gegn hryðjuverkum. Uppbyggingu alþjóðlegrar björgunar- og viðbragðsaðstöðu á Íslandi vegna aukinna samgangna á norðurslóðum ætti að ræða.

Það er mikilvægt að forsætisráðherra, sem er formaður þjóðaröryggisráðs, nýti tækifærið til að koma áherslum Íslands á framfæri við varaforseta Bandaríkjanna. Fyrir liggur þjóðaröryggisstefna Íslands sem Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust árið 2016. Þar er kveðið á um varnarsamstarf við Bandaríkin og að þjóðaröryggi nái einnig til netöryggis, hryðjuverkavarna og síðast en ekki síst loftslagsmála.

Halldór

Á MEÐAN FÓR ÓMENNINGAR-NÓTTIN FRAM Í BLOKKAR-ÍBÚÐ Í HLÍÐUNUM



TÓKUM SVO NOKKRAR SELFÍS OG MORFÍN OG ENDUM SVO NÓTTINA MEÐ ÞVI AÐ ÁREITA GUÐNA TH VEGNA ÞRIÐJA ORKUPAKKANS



HVAÐ SEGIRÐU UM AÐ VIÐ SKELLUM EINNI GAMALLI ÞÁTTA-RÓÐ AF BACHELORNUM Í TÆKÐ



Það er mikilvægt að forsætisráðherra, sem er formaður þjóðaröryggisráðs, nýti tækifærið til að koma áherslum Íslands á framfæri við varaforseta Bandaríkjanna.

Frá degi til dags

Miðflokksstjarna

Miðflokksstjarnan Styrmir Gunnarsson hefur verið virkur í flokksstarfinu síðustu vikur. Hann safnar nú atkvæðum fyrir flokkinn í nafni orkupakkans og andstöðunnar við innri markað Evrópu. Þótti Styrmir fara á kostum í erindi í Duus húsum í Keflavík og í öðru erindi á Hótel Selfossi. Honum er illa við EES. Nóg að gera hjá okkar manni en fátt segir af mætingu.

Bretar og aukaaðild að ESB Og meira af Miðflokknem. Sigmundur Davíð ryðst fram á ritvöllinn, nú sem stuðningsmaður EES í Bretlandi. Viðfangsefnið er að Bretar eru að renna út á tíma með samninga við ESB en vandinn er sá að þeir vita ekki hvað þeir vilja. Í stuttu máli vill Sigmundur Breta inn í Evrópska efnahags-svæðið í ár eða jafnvel lengur. En það er aukaðild að ESB og á að gerast næstu 30 daga eða svo. Sigmundur gleymir væntanlega að slíkt teldist breyting á EES-samningnum og þyrfti því að fá samþykki á 31 þjóðþingi. Að framkvæma slíkt á einum mánuði er fullkomlega óraunhæft og sá sem leggur slíkt fram er ekki raunveruleikatengdur. Þó ekki væri nema að haft sé í huga að allir popúlístaflokkarnir teffa góð mál með öllum mögulegum ráðum. Orkupakkar koma hér upp í hugann. kristinnhaukur@frettabladid.is



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur BSRB



Launafólk þarf að hafa skýr skil á milli vinnu og einkalífs og það þarf að fá sanngjarna greiðslu fyrir áreiti utan hefðbundins vinnutíma.

ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ: Sunna Karen Sigurðsdóttir sunnak@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ: Kristjánabjörg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ: Kristjánabjörg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is

Jómfrúar
Ólífuolía
frá Himneskt

Beint frá Montalbano í
Toskana héraði á Ítalíu.

Hentar vel í salöt, kaldar sósar,
til steikingar við vægan hita
eða bara ein og sér.

879 kr./500 ml

Himneskt Jómfrúar Ólífuolía
Kaldpressuð, lífræn, 500 ml

BONUS

Lífsgæðakapphlaupið

Í DAG

Guðmundur
Steingrímsson

Ég skal jata það, að á þessum tíma árs gripur mig yfirleitt viss hnýsni í garð samborgara minna. Ég skoða jafnan af rælni tvo lista yfir kaffibollanum sem teljast mælikvarðar á frammistöðu annarra í tveimur ólíkum viðfangsefnum: Annars vegar í hlaupi og hins vegar í tekjuöflun. Núna eru semsagt komin út tekju-blöðin, þar sem listaðar eru áætlaðar árstekjur nafntogaðra Íslendinga, og hins vegar fór Reykjavíkurmaraþonið fram á laugardaginn. Á vefnum er hægt að skoða tímana og velta sér svolitíð upp úr því hvað sumir hlupu hratt. Ægilegur gassi var til dæmis á einum æskufelaga mínum, sá ég. Hann kláraði hálft maraþon á einum og hálfum.

Ég tek hatt minn ofan. Ég á aldrei eftir að hlaupa svona hratt. Né heldur á ég nokkurn tímann eftir að hlaupa götulengd á sama hraða og Arnar Pétursson hleypr heilt maraþon. Þetta hef ég lært að sætta mig við. Það sem ég sækist eftir þegar ég skoða hlaupatím- ana er meira að sjá hvort ég þekki ein- hverja sem hlaupa á um það bil sama tíma og ég. Vel undir meðalhraða, sem sagt. Ég aðhyllist hæg hlaup. Njóta en ekki þjóta. Svo finn ég til samkenndar með þessum hópi fólks. Ég hugsa: Þessi var að hlaupa. Ég þekki hana. Ég er á svipuðu reki. Ég spegla sjálfan mig í samferðafólki mínu. Ég velti fyrir mér hvar ég stend. Ásigkomulagi mín sjálf. Þetta er góður listi. Maður fer að gúgla hlaupahópa. Gera áætlanir um dag- legar teygjur. Spá í paleó.

Peningar smeningar

Reykjavíkurmaraðonið er gleðileikar.
Fólk tekst á við sjálft sig og gerist hetjur



Lifsgæðakapphlaup er núna farið að þýða það sem Reykjavíkurmaraðonið er. Kapphlaup sem eykur lífsgæði.

eigin tilvistar. Það setur sér markmið og reynir að ná þeim. Alls konar þrek-virki vinnast. Og það er gaman að taka þátt í því eða fylgjast með því. Maður samleðst. En vikur þá sögunni að tekjublöðunum. Þau liggja alls staðar, einhvern veginn. Eitt kom inn um lúguna í vikunni. Ég fletti. Og jú. Ég sé að einhver gaur var með 900 milljónir í tekjur í fyrra og annar með 400 milljónir. Eftir því sem leið á yfirferð mína fóru þessar tölur að skipta sífellt minna máli. Þær misstu merkingu sína. Smám saman komst ég að því að mér er slétt-sama um hvaða tekjur fólk hefur. Þetta segi ég ekki af biturð, eins og einhverjir gætu ætlað — fólk er jú samfélags-lega uppálagt út af rótgrónum gildum efnishyggiunnar að vera öfundsjúkt út í peningafólk — heldur meina ég með yfirlyfsingu minni frekar þetta: Listinn yfir hlaupatímana er hvetjandi.

Maður fyllist gleði og löngun til að yfirstiga sjálfur svipaðar áskoranir. Listinn yfir tekjurnar er hins vegar ekktur hvetjandi. Hann er meira svona bláh. Hann snertir mann ekki, nema kannski ef maður klæddi sig í pólitískar brækur og leitaði innblásturs í barátturæður um meiri jöfnuð og



kannski réttlæti. En maður fyllist ekki löngun til að rífa sig upp og takast á við áskoranir. Maður fyllist ekki andagift og krafti. Náungi seldi jörð. Fékk tvo milljarða. Og hvað?

Fleiri listar

Fjárhagslegt öryggi er eftirsóknarvert. Maður vill að sem flestir búi við það. Maður þarf það sjálfur. Kannski eru einhverjir sem sitja heima hjá sér og lúsla tekjulistana og hugsa hvað þeir ætli aldeilis að eignast 850 milljónir á næsta ári. Gera plön. Ég held hins vegar að sífellt færri hugsi þannig. Ég þykist greina í samtíma mínum vissa breytingu á merkingu orðsins „lífsgæðakapphlaup“. Einu sinni þyddi það að fólk væri málbundið lönguninni til að eiga meira en nágranninn. Það keppti að því að vera loðnara um lófana en maðurinn í næsta húsi. Ef einn fékk sér heitan pott, varð annar að gera það líka.

Lífsgæðakappphlaup er núna farið að
þýða það sem Reykjavíkurmaraþonið


er. Kapphlaup sem eykur lífsgæði. Þátttákan í því, ásamt aukinni þátttöku í alls konar öðrum viðburðum og lífsstíl sem eykur gæði lífsins, eru til vitnis um það ein grunnsætning hagræðinnar — sú sem segir að allir muni alltaf keppa að sem mestum peningalegum gróða — er úrelt. Undir oki loftslagsbreytinga og sívaxandi vitundar um mögulegan enda óhófs og ofneyslu, þróast mann- lífið í átt til annarra markmiða.

Hver þenaði mest er aðeins einn af mörgum listum. Hann er í sjálfu sér ekki áhugaverðari en fullt af öðrum listum sem mátti ímynda sér að blöðin gætu birt næst. Hver horfði mest á Netflix? Hver á flesta bíla? Hver fór oftast til London? Hver grillaði mest? Enginn þessara lista myndi vekja löngun mína til að ná sömu markmiðum. Ekki frekar en tekjulistinn. Hlaupalistinn hins vegar. Hann kveikir í mér. Á næsta ári er ég staðráðinn í að hlaupa maraþon á svipuðum tíma og ég sá að einn kunningi minn hljópa á um helgina. Ég held ég sé á mjög svipuðu reki.

Beltone TrustTM



Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





VALITOR

REYKJAVIK WAREHOUSE
SINCE 2011



VEKTOR
hönnun og ráðgjöf



Danica
sjávarafurðir ehf
HB Grandi hf.
Elísa Guðrún ehf
Mennta- og
menningarmálaráðun.
Landslag ehf
Zymetech ehf.
Hótel Leifur
Eiríksson ehf
Baka til ehf
Reykjavíkurborg
Solon Bistro ehf.
Aurum ehf
Íslensk
erfðagreining ehf.
Bati -
sjúkrabjálfun ehf.
Sér ehf
Verzlunarskóli Íslands
ses.
Gjögur hf.
K.F.O. ehf.
Guðmundur
Arason ehf.
Nýi ökuskólinn ehf
Klettur-
Skipaafgreiðsla ehf.
Umbúðamiðlun ehf
E.T. ehf
KOM ehf., kynning og
markaður
Stjá
Sjúkrabjálfun ehf.
Þórarinn G.
Valgeirsson
Léttfeti ehf.
Lögfræðistofa
Reykjavíkur ehf
www.therubz.is
Kóði ehf.
Verkhönnun ehf
Landssamband
lögreglumanna
VA arkitektar ehf
Lögreglustjórnin á
höfuðborgars
Tannlækningar ehf
Efling stéttarfélag
Hótel Klettur ehf.
Hjá GuðjónÓ ehf.
Teinar slf
Blómagallerí ehf.
Hársaga gallery ehf
InterCultural
Ísland ehf.
Ragnar V. Sigurðsson
ehf
Samband ísl berkla/
brjósthollssj
Intellecta ehf
Glófi ehf.
Blaðamannafélag
Íslands
Aðalvík ehf
Borg fasteignasala
ehf.
Veiðivon ehf
Félag skipstjórnar-
manna
Dansrækt-JSB ehf
Tengi ehf
Tanngo slf
Óskirnar þrjár ehf.
Stálbyggingar ehf
Lögmannafélag
Íslands
Örninn Hjól ehf
TEG endurskoðun ehf.
Forum lögmenn ehf
Bókaútgáfan
Hólar ehf
Ökuskólinn
í Mjódd ehf.
Íshúsið ehf
Hreinsitækni ehf.
Stansverk ehf
Ósal ehf
Verslunartækni
og Geiri ehf
HBTB ehf

Höfðakaffi ehf.
Orka ehf
Skjólverk ehf
Wurth á Íslandi ehf.
Hollt og gott ehf.
Áfengis-/tóbaks-
verslun ríkisins
Sjúkrabjálfun
Styrkur ehf
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja
Icepak ehf.
A. Wendel ehf
Vélaverkstæðið
Kistufell ehf
Kólus ehf.
Esja Gæðafæði ehf.
Höfðabílar ehf.
Rarik ohf.
Samiðn,samband
iðnfélaga
Skorri ehf.
Garðlist ehf
DGJ Málningar-
þjónusta ehf
Fanntófell ehf
Við og við sf.
Húsalagnir ehf
Bifreiðaverkstæði
Grafarv ehf
Landsnet hf.
Merking ehf.
Áltak ehf
Rúmfatalagerinn ehf.
Bendir ehf
Tannvernd ehf
Margt smátt ehf.
Gler í Bergvík ehf
Fjárhald ehf
Minjavernd hf.
BSV ehf.

Kópavogi
Vatnsvirkinn ehf.
Bílaklæðningar ehf.
Bakkabros ehf
Svansprent ehf
Bílasprautun og rétt
Traus ehf.
Norm X ehf.
Loft og raftæki ehf.
Tengi ehf.
Betra bros ehf
Rafsetning ehf.
Vidd ehf
Verifone á Íslandi ehf.
Járnþrýði ehf
Inít ehf
dk Hugbúnaður ehf.
Dýrabær ehf
Framsýnt fólk ehf.
Bak Höfn ehf.
Rafmiðlun hf.
Vatnsvirkjar ehf.
Geislatækni ehf,
Laser-þjónustan
Sjóklæðagerðin hf.
Pípulagnaverk-
takar ehf.
H.Filipsson sf.
Samhentir Kassa-
gerð hf.
AH Pípulagnir ehf
Loftorka
Reykjavík ehf.
Sámur sápugeti ehf
Hjallastefnan ehf.
V.M. ehf.
First Class ehf.
Garðabær
Eldvarnarþjón-
ustan ehf
SE ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Malbikunarstöðin
Hlaðbær-Col hf
H. Jacobsen ehf
Útfararþjónusta
Hafnarfj.slf.
Blómabúðin Dögg ehf.
Leanbody ehf.

Pylsubarinn
Hafnarfirði
Rafgeymasalan ehf.
Sýningaljós slf.
Krossborg ehf
Burger-inn ehf
Stokkhyllur ehf.
Kjöttkompaní ehf.
Byggingafélagið
Sakki ehf
Heimir og Jens ehf
Geymsla Eitt ehf
Dverghamrar ehf.
Verktækni ehf
Prentsýn-Merkja-
saumur ehf.
Naust Marine ehf.
Hólaskarð ehf
Aðalskoðun hf.
Bergraf ehf.
Bílrúðupjónustan ehf.
Reykjanesbær
Maron ehf.
DMM Lausnir ehf.
Lofttækni ehf.
Verktakafyrirtækið
Grjótga ehf.
Stakkavík ehf.
Jónsi Múr ehf
Lagnþjónusta
Þorsteins ehf.
Fishhouse ehf
Pétur Bragason ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
Ljósmyndaver Hörfu
Hrundar ehf.
Skálatún
Glertækni ehf
Múrefni ehf.
Rafís ehf.
Nonni litli ehf.
Elektrus ehf
Model ehf.
Bifreiðastöð Þórðar Þ
Þórð ehf.
Smurstöð Akraness sf.
Akraneskaupstaður
Þróttur ehf.
Grastec ehf
Eyrarbyggð ehf.
Meitill - GT Tækni ehf
Kaupfélag Borg-
firðinga
Dyrfljót ehf.
Skorradalshreppur
Höfðagata 1 ehf.
Marz sjávar-
afurðir ehf.
Þjónustustofan ehf.
Litlalón ehf
Hraðfrystihús
Hellissands hf
Hópfreiðabílar Svans
Kristóf ehf
Þörungaverk-
smiðjan hf.
Tækniþjónusta
Vestfjarða ehf.
Jón og Gunna ehf.
Hamraborg ehf
Orkubú
Vestfjarða ohf.
Ævintýradalurinn ehf.
Endurskoðun Vest-
fjarða ehf.
Gistiheimilið
Bjarmalandi ehf
Urðartindur ehf.
Hársnyrtistofa
Sveinu Ragnarsd.
Húnaþing vestra
Stéttarfélagið
Samstaða
Ísgel ehf
Vélaverkstæði
Skagastrandar ehf
Friðrik Jónsson ehf.
K-Tak ehf
Skíðasvæðið
Skarðsdal Siglufirði

Sjómannafélag
Eyjafjarðar
Index tannsmíða-
verkstæði ehf
Akureyrarapótek ehf.
Daltré ehf
Rafeyri ehf.
Sjúkrahúsið á
Akureyri
Kaffi Ilmur ehf.
Enor ehf.
Tónsport ehf
